

Horfum á það sem vel er gert og tökum á því sem betur má fara

Bergþór Grétar Böldvarsson fjallar um geðheilbrigðisþjónustu

Í BLAÐINU föstudaginn 27. janúar og svo aftur í Fréttablaðinu 30. janúar er fjallað um rannsókn um geðheilbrigðismál, sem unnin var af dr. Páli Biering í samvinnu við Geðhjálpar og Rauða krossinn.

Þar kemur fram að það sé víða skortur, og kemur mér það svo sem ekkert á óvart, að það sé skortur á eftirfylgni og bara skortur á ýmsum sviðum í geðheilbrigðisþjónustunni.

Því að svona rannsókn, eða „Gæðaeftirlitskönnun“ eins og það var kallað, var framkvæmd og unnin af meðlimum Hugarafls sumarið 2004. Þá, eins og nú, kom fram að það er margt sem má betur gera í sambandi við geðheilbrigðisþjónustuna á Íslandi og þar kom líka fram að það er margt gott sem er verið að gera nú þegar.

Á þessum jákvæðu punktum, og neikvæðum, sem komu út í gæðaeftirlitskönnun Hugarafls, er þegar byrjað að byggja og nota til að bæta þjónustuna enn frekar og þetta veit Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

Mér finnst það skammarlegt þegar fólk, sem veit hvað er að gerast í þessum málum, kemur fram í fjölmörgum, volandi og vælandi um allt sem neikvætt er, „það vantar þetta, það vantar hitt,“ án þess að benda nokkuð á það jákvæða sem er þegar verið að gera.

Vissulega er skortur á eftirfylgni í geðheilbrigðisþjónustunni en víða er eftirfylgni til staðar og ég bendi t.d. á verkefnið „Geðheilsa–Eftirfylgd/Íðjuþjálfun“ sem Auður Axelsdóttir, íðjuþjálfari, fer fyrir í Bolholti 4. Þetta verkefni er nú að hefja sitt þriðja starfsár, það hófst sem tilraunarverkefni til tveggja ára en er nú búið að festa sig í sessi þriðja árið sökum góðs árangurs og eftirspurnar.

Þarna hefur m.a. verið lögð áhersla á að þróa þjónustuna í takt við þarfir notenda og aðstandenda þeirra.

Ég veit líka um marga aðila sem sinna eftirfylgni af einhverju tagi og margt starfsfólk í geðheilbrigðisþjónustunni sem tekur tillit til skoðana sjúklinga og aðstandenda

þeirra og gefur þeim svigrúm til að tjá tilfinningar sínar.

Á þessari þjónustu, sem og fleiri jákvæðum punktum, ætla ég í samvinnu við fagaðila, notendur og aðstandendur þeirra, að byggja á til að bæta þjónustuna enn frekar.

Auðvitað hef ég neikvæðu punktana til hlíðsjónar til að sjá hvað betur má fara, en ég ætla þó ekkert að vera að auglýsa þá fyrir en ég veit hvernig ég get lagfært þá.

Þar sem ég fór seint að láta að mér kveða í því sem betur má fara í geðheilbrigðisþjónustunni, þá langar mig til að forvitnast um það sem á undan er gengið.

Ég rakst á blaðagrein um landsöfnun sem Geðhjálpar efndi til laugardaginn 2. mars 2002. Þar segir m.a. að verja eigi söfnunarfénu til nýrra meðferðarúrreða og uppbyggingar starfa fyrir fólk með geðraskanir. Forráðamann Geðhjálpar sögðu að þeir myndu vel sætta sig við 70 til 80 milljónir króna úr söfnuninni til að hrinda þeim verkefnum af stað sem talin eru brýnust. Með söfnuninni var ætlunin að ganga til samstarfs við þá aðila sem hafa boðið upp á úrræði fyrir geðsjúka. Sigursteinn Músson sagði á fundi með fréttamönnum að ekki stæði til að nota söfnunarféð í steinsteypu heldur að styrkja þau úrræði sem væru fyrir hendi, m.a. á Reykjalandi og endurvekja starfsemi Bergiðjunnar. Stefnt væri að því að fá einstaklinga með persónulega reynslu til að aðstoða við eftir meðferðir, líkt og gert væri í áfengismeðferð. Hann sagði einnig að Geðhjálpar lofaði því að af-rakstur söfnunarinnar yrði gerður sýnilegur alla leið.

Þú vissulega er skortur á eftirfylgni í geðheilbrigðisþjónustunni en víða er eftirfylgni til staðar...6

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, sagði að áhersla yrði einnig lögð á að skapa störf við hæfi geðsjúkra þannig að um leið yrði nauðsyn á virkni og hlutverki einstaklingsins höfð að leiðarljósi.

Nú veit ég að það safnaðist allavega 17,1 milljón og mig langar til að vita „hvernig hefur gengið að styrkja þau úrræði sem voru fyrir, að fá einstaklinga með persónulega reynslu til að aðstoða við eftir meðferðir og að skapa störf við hæfi geðsjúkra“?

Að lokum langar mig til að segja frá því að fyrir um 17 árum greindist ég með geðhvarfasýki, eða bara geðhvörf eins og það kallast í dag. Þegar ég greindist með þennan sjúkdóm hélt ég, í alvöru talað, að ég væri sá eini sem væri svona veikur og að ég væri í algjörum minnihluta.

Fljótlega komst ég þó að því ég var í miklum meirihluta því að meirihluti þjóðarinnar á vísit bara við einhvern krangleika að stríða.

En eftir því sem segir í „Fréttablaðinu“ mánudaginn 30. janúar þá er ég bara í minnihluta, því að ég er jú í sambúð og það sem meira er, ég er í sambúð með geðsjúkri manneskju.

Ég er kannski það „lítill“ að aðilar sem gera svona rannsóknir á geðbatteríinu hafa ekki einu sinni fyrir því að spyrja mig hvað mér finnst um þjónustuna.

Nei, væntanlega er ég bara einn af fjölmörgum geðsjúkum einstaklingum í þjóðfélaginu sem spjara sig þokkalega og líta björtum augum á bæði jákvæðar og neikvæðar staðreyndir um þjónustuna. Því að ég, eins og þessir fjölmörgu, ætla mér að læra af því sem aflaga fer og ég ætla mér að gera betur.

Höfundur er fjölskyldumaður og nemandi á 3. önn í Hringssjá, starfsþjálfun fatlaðra.



Bergþór Grétar Böldvarsson